

Landmótun ehf
Óskar Örn Gunnarsson
Hamraborg 12 5h
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
17. jan. 2012
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2012
Tilvísun: UST20111200111/mik

Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hafnarteigs 4, Bíldudal

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 16. desember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnarteigs 4, Bíldudal.

Almennt um breytinguna

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu á Hafnarteig 4 á Bíldudal að frumkvæði Kalkþörungafélagsins til þess að fullnýta starfsleyfi verksmiðju í þeirra eigu og auka rekstraröryggi hennar. Breytt deiliskipulag miðar að því að fullnýta starfsleyfi frá 12.07.2006. Í umhverfisskýrslu segir að breytingin snerti hvorki lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 né lög um mat áætlana nr. 105/2006 og tengdar reglugerðir.

Markmiðið með deiliskipulagsbreytingunni er að stækka byggingareit og lóð til norðvesturs ásamt því að stækka lóð til norðurs á fyllingu. Ástæða stækkunarinnar er vegna byggingar nýs þurrkara húss, forþurrkunar á hráefni og mótunar á hráefni til þurrkara

Mengunarvarnir og umhverfisáhrif

Í umhverfisskýrslu kemur fram að við mengunarvarnir verksmiðjunnar falli til verulegur afgangsvarmi og verið sé að skoða hvernig nýta megi þann varma sem best til að forþurrka hráefni, þ.e. minnka rakainnihald hráefnis fyrir þurrkun. Markmiðið er að nýta varma sem annars fer forgörðum og minnka keyrslutíma þurrkara á framleiðslueiningu. Þetta þróunarverkefni er í vinnslu og tengist ekki nýjum þurrkara með beinum hætti. Umhverfisstofnun vísar í 5. gr. reglugerðar um loftgæði nr. 787/1999 þar sem segir „Í ákvæðum starfsleyfa fyrir mengandi atvinnurekstur skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun og beita skal til þess bestu fánlegu tækni”.

Umhverfisstofnun bendir á að tryggt skuli að ef fyrirhugaðar eru nýjar byggingar á svæðinu, að þær hafi ekki áhrif á útblásturs ryks frá fyrirbyggjandi strompi og að strompur á nýju þurrkara húsi verði vel staðsettur og ekkert nærliggjandi hafi áhrif á útblástur. Í umhverfisskýrslu kemur fram að með tilkomu forþurrkunarhúss færast geymslusvæði hráefnis á leið í vinnslu til norðurs og að áhugi sé fyrir því að flytja einnig lón til norðurs og auka með því athafnasvæði við hafnargarð.

Umhverfisstofnun bendir á að koma þurfi skýrt fram hvernig tilfærsla á setlóni verður háttáð og að virkni þess verði eins og gert er ráð fyrir í starfsleyfi til Kalkþörungsfélagsins dags. 12.07.2006 þar sem segir „*Styrk aukning svifagna í sjó vegna fráveitu skal vera undir 2 mg/l*“.

Umhverfisstofnun bendir á að umrædd framkvæmd fellur undir 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem fjallar um grenndarkynningu þar sem segir „*Þegar sótt er um byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skal skipulagsnefnd láta fara fram grenndarkynningu*” .

Í skýrslunni kemur fram að með aukinni framleiðslu verksmiðjunnar megi reikna með að á tímabilinu geti verið stærri hráefnislager á verksmiðjulóð en verið hefur til þessa. Umhverfisstofnun bendir á að koma verði skýrt fram hvernig geymslu á hráefni verði háttáð á athafnarsvæði og leggur áherslu á að geymslu verði komið þannig fyrir að áhrifa rykmengunar gæti ekki frá hráefni.

Í skýrslu segir að nýr og stærri þurrkari hafi sama útblástur á framleiðslueiningu og sá sem fyrir er en keyrslutími styttest og útblástur verður í hlutfalli við framleitt magn. Þá segir að með forþurrkun styttest keyrslutími þurrkara á framleiðslueiningu og útblástur frá verksmiðju minnkar, og þegar allar þær breytingar sem deiliskipulagið miðar að verða komnar til framkvæmda, verður keyrsla þurrkara á framleiðslueiningu minni og umhverfisáhrif jákvæð. Umhverfisstofnun fagnar því að áætlað er að draga úr útblæstri frá verksmiðjunni og vísar aftur í ofangreinda reglugerð um loftgæði, í 5. gr. 5.1 segir „*Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti*”.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun bendir á að á svæðis- og aðalskipulagi á að koma fram langtímamarkmið um flokkun vatns og á deiliskipulagi skal gera skýringaupprátt sem sýnir ástand vatns. sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um verndun vatns.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að mengun frá verksmiðju verði haldið lágmarki og beitt verði til þess bestu fánlegu tækni. Að lokum vill stofnunin minna á að í starfsleyfi fyrir íslenska Kalkþörungafélagið ehf. í kafla 1.4. segir að rekstraraðili skuli veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verði í þær.

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu á breytingu á deiliskipulagi Hafnarteigs 4, Bíldudal.

Virðingarfyllt




Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur